



Fundargerð

10. fundur Skipulags- og umhverfisstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 14. október 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Guðbrandur Magnússon, Björn Hafsteinsson, Einar Björn Halldórsson og Óskar Örn Gunnarsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 14:15.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

1. 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag

Tekið fyrir afgreiðslubrэф Skipulagsstofnunar dagsett 22. september 2025 þar sem gerðar eru athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Fyrir liggja leiðrétt skipulagsgögn þar sem búið er að verða við athugasemdum.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við sveitarstjórn að að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 2405003 - Kirkjubær 1A - Kirkjubæjarklaustri athugun.

Tekið fyrir erindi Benedikts Lárussonar þar sem sett er fram drög að deiliskipulagi fyrir Kirkjubæ 1A. Í tillögunni er sett fram tillaga að 7 einbýlishúsum, tveimur parhúsum og vöruhúsi/geymslu.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við umsækjanda að fullvinna tillöguna eins og hún er sett fram þannig að hægt sé að auglýsa hana en ekki liggja fyrir skilmálar um svæðið.



3. 2510001 - Deiliskipulagi fyrir Skerja- og Skriðuvelli á Kirkjubæjarklaustri.

Tekin fyrir vinnslutillaga að deiliskipulagi fyrir Skerja- og Skriðuvelli á Kirkjubæjarklaustri. Tillagan er sett fram á uppdrætti og greinargerð dagsett í september 2025. Deiliskipulagstillagan er fyrir Velli á Kirkjubæjarklaustri. Skipulagssvæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð (ÍB-2) og samfélagsþjónusta (S-4) í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043. Samhliða er deiliskipulag Kirkjubæjarklaustur, læknisbústaður, fellt úr gildi. Skipulagssvæðið er um 6,9 ha að stærð, ofan Klausturvegar og er að hluta byggt. Innan svæðisins eru íbúðarhús og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Skipulagssvæðið tekur yfir landssvæði sem áður var í eigu ríkisins en er nú í eigu Skaftárhrepps. Helstu forsendur fyrir nýju deiliskipulagi eru að afmarka lóðir, uppfæra staðföng og götuheiti, móta skipulagsskilmála, auka umferðaröryggi með því að fækka tengingum við Klausturveg og afmarka gönguleiðir. Við gerð deiliskipulagsins er íbúðum svæðisins fjölgað um allt að 26 íbúðir, úr 27 í 53 íbúðir. Akstursleið að svæðinu er breytt og tengingum fækkað inn á Klaustursveg.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 2510002 - Miðsvæði Kirkjubæjarklausturs-deiliskipulag

Tekin fyrir vinnslutillaga að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Kirkjubæjarklausturs. Tillagan er sett fram á uppdrætti og greinargerð dagsett í október 2025. Skipulagssvæðið er skilgreint sem miðsvæði (M-2), opið svæði (OP-1) og íbúðarsvæði (ÍB-3) í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Samhliða er deiliskipulag íbúðarbyggðar Klausturhóla á Kirkjubæjarklaustri fellt úr gildi. Skipulagssvæðið er 21,7 ha að stærð, að mestu sunnan Klausturvegar og er að hluta byggt. Innan svæðisins er verslun, kaffihús, vínúð, félagsheimili, hótél, skrifstofur sveitarfélagsins, grunnskóli, bókasafn og sundlaug. Helstu forsendur fyrir nýtt deiliskipulag eru að mæta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, skipuleggja nýtt íþróttasvæði í sveitarfélaginu, afmarka nýjar gönguleiðir, byggja upp skólasvæðið, nýjan leikskóla og nýtt menningarhús, og jafnframt afmarkaður nýr varnargarður. Gert er ráð fyrir allt að 26 nýjum íbúðum í uppbyggingu svæðisins. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við markmið og áherslur Aðalskipulags Skaftárhrepps 2023-2043.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. 2510003 - Deiliskipulag virkjunar í Hverfisfljóti-breyting á deiliskipulagi

Breytingin er til komin vegna endurskoðunar á hönnun framkvæmda. Helstu breytingar er að minka umfang mannvirkja í farvegi Hverfisfljóts og tryggja virka aurskolun. Breytingin nær til lögunar og skilmála stíflu, staðsetningu vega og þrýstipípu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



6. 2510004 - Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps árið 2025

Formaður ráðsins gerði grein fyrir málinu. Skilafrestur til að skila inn tilnefningum vegna umhverfisverðlauna Skaftárhrepps rennur út í kvöld (14. október). Skipulags- og umhverfisráð tilnefnir þau Elínu Heiðu Valsdóttur, Einar Björn Halldórsson og Rúnar Þorra Guðnason í dómnefnd.

7. 2510005 - Sorphirða Skaftárhrepps

Formaður ráðsins greindi frá því að Kubbur ehf., hefði sagt upp undirverktaka sínum í sorphirðu í sveitarfélaginu sem var Hringrás. Nú mun Kubbur ehf., sinna sorphirðu sjálfir og reikna má með því að breytingar verði á sorphirðudagatali.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 15:56.

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðbrandur Magnússon

Einar Björn Halldórsson

Björn Hafsteinsson

Undirritunarsíða

Jóhannes Gissurarson



Undirritað af:
Jóhannes Gissurarson
1609625429
Dags: 22.10.2025
Tími: 16:36:53
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9b49bbfb-2d26-4ccc-ab77-2dac6bf23ac8

Elín Heiða Valsdóttir



Undirritað af:
Elín Heiða Valsdóttir
2710775139
Dags: 27.10.2025
Tími: 12:27:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9b49bbfb-2d26-4ccc-ab77-2dac6bf23ac8

Björn Helgi Snorrason



Undirritað af:
Björn Helgi Snorrason
2005724249
Dags: 27.10.2025
Tími: 16:50:57
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9b49bbfb-2d26-4ccc-ab77-2dac6bf23ac8

Guðbrandur Magnússon



Undirritað af:
Guðbrandur Magnússon
0105623339
Dags: 22.10.2025
Tími: 23:02:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9b49bbfb-2d26-4ccc-ab77-2dac6bf23ac8

Björn Hafsteinsson



Undirritað af:
Björn Hafsteinsson
1810902009
Dags: 22.10.2025
Tími: 16:37:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9b49bbfb-2d26-4ccc-ab77-2dac6bf23ac8

Einar Björn Halldórsson



Undirritað af:
Einar Björn Halldórsson
0301902629
Dags: 27.10.2025
Tími: 19:14:10
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9b49bbfb-2d26-4ccc-ab77-2dac6bf23ac8